

# Aðalfundur hverfisnefndar Síðuhverfis

Haldinn í stofu 34, Síðuskóla 30. mars 2017 kl. 20:00 – 21:20

Alls mættu um 20 manns á fundinn.

Í nefndinni sitja: María Helena Tryggvadóttir, Elín Dögg Gunnarsdóttir, Linda Rós Daðadóttir, Sigmundur Sigurðsson og til vara eru Ágústa Ólafsdóttir og Jón Lárusson. Fjarverandi eru Linda Rós, Ágústa og Jón.

Formaður setti fundinn kl. 20:00 og bauð fundargesti velkomna.

Dagskrá:

## 1. Kynning á drögum að nýju aðalskipulagi Akureyrarbæjar með áherslu á Síðuhverfi

Bjarki Jóhannsson sviðsstjóri skipulagssviðs mætti á fundinn.

Bjarki fór yfir helstu skipulagsbreytingar í bænum og í Síðuhverfi og svaraði fyrirspurnum fundargesta. Á fundinum kynnti Bjarki að búið væri að taka tillit til óska hverfisnefndarinnar varðandi útivistarsvæðið vestan við Síðuskóla og hefur skilgreiningu svæðisins verið breytt í núverandi drögum úr byggingarsvæði í útivistarsvæði/opiðsvæði.

Nefndin þakkar Bjarka fyrir komuna og kynninguna.

## 2. Kynning á framkvæmdum í hverfinu

Guðríður Friðriksdóttir sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs mætti á fundinn.

Einkum var rætt um aðgengi að Síðuskóla og hvernig leysa má úr umferð bíla og gangandi við skólann. Búið er að vinna nokkrar tillögur að lausnum sem kynntar voru á fundinum, allt tillögur sem þó hafa ekki verið samþykktar. Mikil umræða skapaðist á fundinum um mögulegar lausnir og þrýst var á að málið yrði leist. Guðríður sagði að þetta væri forgangsmál hjá sviðinu og reynt yrði að finna nothæfa lausn eins fljótt og hægt er.

Nefndin þakkar Guðríði fyrir komuna og umræðurnar.

## 3. Skýrsla formanns

María Tryggvadóttir fór yfir núverandi nefnd og helstu verkefni nefndarinnar frá síðasta aðalfundi. Einnig var kynnt hver niðurstaðan hefði orðið á ráðstöfun umhverfispeninganna sem nefndin fékk til umráða á þessu ári eða 2 milljónir króna. En því fjármagni verður öllu veitt í ýmis verkefni tengd uppbyggingu á útivistarsvæðinu vestan við skólann.

## 2. Kosning stjórnar

Eftirfarandi hafa óskað eftir að hætta í nefndinni: Elín Dögg Gunnarsdóttir, Sigmundur Sigurðsson og Jón Lárusson og er þeim þakkað fyrir vel unnin störf í þágu hverfisins.

Óskað var eftir nýjum fulltrúum í stjórnina og buðu eftirtaldir aðilar sig fram, 5 aðalmenn og 2 til vara.

Aðalmenn:

\*Jóhannes Helgi Hjörleifsson [8937171@gmail.com](mailto:8937171@gmail.com)

\*Sverrir Már Jóhannesson [sverrir\\_mar@hotmail.com](mailto:sverrir_mar@hotmail.com)

\*Brynjar Gauti Jóhannsson [brygauti@gmail.com](mailto:brygauti@gmail.com)

\*Sævar Áskelsson [saevar79@gmail.com](mailto:saevar79@gmail.com)

\*María Helena Tryggvadóttir [mariat@akureyri.is](mailto:mariat@akureyri.is)

Til vara:

Ágústa Ólafsdóttir [agustao@akureyri.is](mailto:agustao@akureyri.is)

Linda Rós Daðadóttir [lindaros74@gmail.com](mailto:lindaros74@gmail.com)

Þjóðum við nýja nefndarmenn velkomna !

## 5. Önnur mál

Ný drög að aðalskipulagi fyrir Akureyrarbæ.

Rætt var um mikilvægi þess að senda inn athugasemdir og breytingartillögur við drögunum varðandi Síðuhverfi til skipulagsdeildarinnar. Íbúar eru hvattir til að taka þátt og m.a. senda inn tillögur varðandi eftirfarandi mál:

a) Að svæðið vestan við Síðuskóla verði skilgreint sem útivistarsvæði.

b) Að búin verði til gönguleið frá hverfinu upp í gegnum núverandi beitulönd upp í skógræktarsvæðið (græna trefilinn) við Lögmannshlíðarveginn. Þar er reitur sem skólinn sinnir og mun slíkur stígur tryggja öryggi nemenda auk þess sem hann auðveldar þeim og íbúum hverfisins aðgengi að svæðinu. Eins og staðan er í dag þurfa nemendur að leggja á sig stóran krók til að komast að svæðinu, fara norður að Lónsbakka og þar upp Lögmannshlíðarveginn upp að skógræktinni. Slík leið mun líka nýtast íbúum í framtíðinni, verða skemmtilegt leið til að komast í skógarreitinn fyrir ofan bæinn.

Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum við aðalskipulagið rennur út fimmtudaginn 20. apríl 2017 og skal skilað skriflega til skipulagssviðs Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti [skipulagssvid@akureyri.is](mailto:skipulagssvid@akureyri.is).

Fundi slitið kl. 21:20

Fundargerð ritaði María Tryggvadóttir